

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja hefur úthlutað styrkjum fyrir árið 2019. Auglýst var eftir styrkumsóknnum í nóvember sl. Umsóknir sem bárust voru samtals 55 talsins og hljóðuðu styrkbeiðnir upp á rúmlega 135 milljónir króna. Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs úthlutar nú 54.420.000 til 36 verkefna.

6.000.000 fara í styrki til fjögurra verkefna sem flokkast undir stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála.

22.220.000 fara í styrki til 17 verkefna sem flokkast undir menningu og listir.

26.200.000 fara í styrki til 15 verkefna sem flokkast undir atvinnu- og nýsköpun.

Eftirtalin verkefni hlutu styrk.

Nr. 1. Valgerðarhús – aldursgreinin. Umsækjand og verkefnastjóri: Þorvaldur Sæmundsson. Flokkur: Menning.

Valgerðarhús er talið vera eitt af elstu standandi húsum í Grindavík. Til stendur að gera húsið upp, en byrja þarf á að aldurgreina það til að tryggja að farið sé rétt með sögu hússins. Verkefni hlýtur styrk að fjárhæð kr. 250 þús.

Nr. 2. Tvennir Stofutónleikar Alexöndru. Umsækjandi: Alexandra Chernyshova. Verkefnastjóri: Alexandra Chernyshova. Flokkur: Menning.

Boðið verður upp á Stofutónleika með metnaðarfulltri dagskrá, sem hefur þann tilgang að kynna, efla og útbreiða klassískri tónlist á Suðurnesjum. Verkefni hlýtur styrk að fjárhæð kr. 370 þús.

Nr. 3. Hæfileikar SamSuð. Umsækjandi: Rut Sigurðardóttir f.h. félagsmiðstöðva á Suðurnesjum. Verkefnastjóri: Rut Sigurðardóttir. Flokkur: Menning.

Hæfileikar SamSuð skapa vettvang fyrir ungmenni á Suðurnesjum til að sýna og rækta hæfileika sína. Slík keppni dregur fram að á Suðurnesjum er margt ungt hæfileikaríkt fólk, sem eru góðar fyrirmyndir. Verkefni hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þús.

Nr. 4. Markaðssetning. Umsækjandi: Við sjóinn ehf. Verkefnastjóri: Inga Rut Hlöðversdóttir. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefnið miðar að markaðssetningu á tjaldsvæði og smáhúsum í sveitarfélaginu Vogum. Markmiðið er að gera sveitfélgið Voga sýnilegri valkost til að heimsækja fyrir hjóla- og fjölskyldufólk. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þús.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Nr. 5. Eldur og skart. Umsækjandi og verkefnastjóri: Þróstur Sigmundsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefnið snýr að hönnun og markaðsmálum. Umsækjandi hefur sérhæft sig í framleiðslu á eldsmíðuðum skartgripum. Gripirnir hafa allir tilvísun í sögu og menningu Íslands og norrænna manna.

Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þús.

Nr. 6. Kynning á bókmenntaarfinum. Umsækjandi: Reykjanesbær / bókasöfn á Suðurnesjum. Verkefnastjóri: Stefanía Gunnarsdóttir. Flokkur: Menning.

Markmiðið með verkefninu er að kynna bókmenntaarf okkar Íslendinga, auka með því þekkingu og áhuga almennings á bókmenntum og efla um leið menningarlífið á svæðinu.

Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 700 þús.

Nr. 7. Söngvaskáld á Suðurnesjum – Umsækjandi og verkefnastjóri: Dagný Gísladóttir. Flokkur: Menning.

Tónleikaröðin er verkefni sem miðar að því að kynna ríkan tónlistararf og tónlistarmenningu á Suðurnesjum, bæði fyrir gestum og íbúunum sjálfum, en saga þessi er einstök á landsvísu.

Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 700 þús.

Nr. 8. Þjóðleikur á Suðurnesjum. Umsækjandi og verkefnastjóri: Vitor Hugo Rodrigues Eugenio. Flokkur: Menning.

Þjóðleikur er leiklistarhátíð ungs fólks sem er haldin annað hvert ár og er undir stjórn Þjóðleikhússins. Öll ungmenn geta tekið þátt sem eru á aldrinum 13 til 20 ára. Markmiðið er að efla leiklistaráhuga, áhuga á uppsetningu leikra og áhuga á tæknibrellum í leiklist. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 700 þús.

Nr. 9. Reykjanesviti – uppbygging vélarhúss – Umsækjandi: Hollvinasamtök Reykjanesvita og nágrennis. Verkefnastjóri: Hallur Gunnarsson. Flokkur: Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar.

Reykjanesvitinn er einn elsti vitinn á Íslandi. Lagfæra þarf vélarhúsið svo hægt verði að nota það fyrir menningaruppákomur hverskonar. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 10. Sjólist, söguhús Unu Guðmundsdóttur. Umsækjandi Hollvinafélag: Verkefnastjóri: Erna M. Sveinbjarnardóttir. Flokkur: Stofn- og rekstur á sviði menningar.

Hollvinasamtök Unu Guðmundsdóttur í Sjólyst vilja halda áfram að viðhalda menningarverðmætum. Markmiðið er að komandi kynslóðir fái að njóta hússins og læra þannig hvernig fyrri kynslóðir bjuggu. Auk þess sem menningartengd starfsemi fer fram í húsinu. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1. millj.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Nr. 11. Sögur: Skapandi skrif í bókasöfnum. Umsækjandi: Reykjanesbær / bókasöfn á Suðurnesjum: Verkefnastjóri: Stefanía Gunnarsdóttir. Flokkur: Menning.

Markmiðið er að auka lestur barna, hvetja þau til skapandi skrifa og upphefja barnamenningu. Boðið verður upp á sögunámskeið með fagleiðbeinendum í skapandi skrifum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 12. Fimmföld sýn. Umsækjandi og verkefnastjóri: Valgerður Guðlaugsdóttir. Flokkur: Menning.

Verkefnið lýtur að tveggja vikna vinnustofa í Höfnum þar sem listamennirnir eru hvattir til að skapa verk út frá því umhverfi sem þeir eru í, flétta umhverfið eða upplifunina af staðnum inn í sinn myndheim. Verkefninu verður loka með sýningu í Listasafni Reykjanesbæjar.

Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 13. Lubbi Peace – Rými til að skapa. Umsækjandi og verkefnastjóri: Anna Margrét Ólafsdóttir. Flokkur: Menning.

Verkefnið lýtur að skapandi vinnurými þar sem listamenn og skapandi einstaklingar geta leigt vinnuáðstöðu, með hljóðveri til upptöku á tónlist, talsetningu og ýmsu öðru sem þarf fullbúið hljóðver. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 14. Jurtasjósýróp (sýrópsgerð með sjó). Umsækjandi: Urta Islandica ehf. Verkefnastjóri: Sigurður Magnússon. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefnið snýst um að bragðbæta og efla tengingu Suðurnesja við vörur Urta Islandica með því að nota jarðsjó úr borholu fyrirtækisins á svæðinu. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 15. P.L.A.I. Markaðssókn – Umsækjandi: Helgasport ehf. Verkefnastjóri: Helgi Jónas Guðfinnsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefnið snýr að markaðssetningu erlendis á æfingarkerfi sem Helgi Jónas hefur hannað. Auk þess hefur hann skrifað bækur sem hjálpa mikið til við þróun á kerfinu, ásamt því að skpa vitund um það á samfélagsmiðlum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr.1 millj.

Nr. 16. Þróun forrits í máltækni. Umsækjandi og verkefnastjóri: Bryndís Guðmundsdóttir. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Markmið er að þróa seinni hluta forrits fyrir spjaldtölvur, Íslenska máhljóðamælinn, sem metur frambuð íslensku máhljóðanna með byltingarkenndum hætti, hjá börnum og fullorðnum sem eru að læra tungumálið. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 17. Markaðssetning SkinBoss í London. Umsækjandi og verkefnastjóri: Svandís Ósk Gestsdóttir. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefnið snýr að markaðssókn á breskann markað. Þar á að kynna vörur fyrirtækisins ásamt því að setja nýja vöru á markaðinn. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Nr. 18. Notendaprófanir á smáforritinu Runmaker – Umsækjandi og verkefnastjóri: Agnar Steinarsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Markmið með verkefninu er að fá óháð, vísindalegt mat á virkni og notagildi Runmarker smáforrísins. Appið er þróað fyrir frístundahlaupara, íþróttafólk, þjálfara, íþróttakennara og fleiri sem vilja greina hlaupagetur sína eða annarra á nýjan og bylgtingakenndan hátt. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,2 millj.

Nr. 19. Barnamenning í Reykjanesbæ. Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Guðlaug María Lewis. Flokkur: Menning.

Verkefnið lýtur að því að jafna aðgengi barna og foreldra að menningarstofnunum og gera börnin að þátttakendum í menningarlífi frá fyrstu tíð og gera þau heimavön í menningarmiðstöð bæjarins. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,2 millj.

Nr. 20. Hljómlist án landamæra. Umsækjandi: Reykjanesbær / sveitarfélögin á Suðurnesjum: verkefnastjóri: Guðlaug María Lewis. Flokkur: Menning.

Markmið verkefnisins er að auka gæði, aðgengi, fjölbreytni og jafnrétti í menningarlífi. Einnig að koma listsköpun fólks með fötlun á framfæri, auka sýnileika ólíkra einstaklinga og koma á samstarfi á milli fatlaðs og ófatlaðs fólks. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,3 millj.

Nr. 21. Pólsk grafík í Listasafni Reykjanesbæjar. Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Valgerður Guðmundsdóttir. Flokkur: Menning.

Listasafn Reykjanesbæjar skipar orðið stórt hlutverk í menningarlífi á Suðurnesjum. Í safninu verður efnt til samsýningar á verkum helstu núlifandi grafíklistamanna Pólverja, en þeir státa af einni glæsilegustu grafíklistahefði í Evrópu á tuttugustu öldinni. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 millj.

Nr. 22. Með Blik í Auga. Umsækjandi og verkefnastjóri: Guðbrandur Einarsson. Flokkur: Menning.

Verkefnið er tónlistarsýning sem er ein af meginstoðum Ljósanæstur. Á ári hverju er unnið með ákveðið tónlistarþema og koma á milli 40 og 50 manns a sýningunni með einum eða öðrum hætt. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 millj.

Nr. 23. Fornleifauppgröftur á Keflavíkurtúni. Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Eiríkur Páll Jörundsson. Flokkur: Menning.

Verkefnið lýtur að rannsóknum á Keflavíkurbænum sem er ætlað að varpa ljósi á húsakynni og hlutskipti fólks sem þar bjó. Ætlunin er að grafa fram allan bæinn eins og hann leit út þegar hann var yfirgefinn. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 millj.

Nr. 24. Sögur af Suðurnesjum. Umsækjandi og verkefnastjóri: Páll Hilmar Ketilsson. Flokkur: Menning.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Verkefnið lýtur að framleiðslu sjónvarpsþátta þar sem rætt er við Suðurnesjamenn í eldlínunni eða þá sem hafa verið þar. Með þáttagerðinni varðveitist saga svæðisins enn betur. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 millj.

Nr. 25. Aquaculture of Organic Icelandic Seaweed. Umsækjandi: Alkemistinn ehf. Verkefnastjóri: Daníel Coaten. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefnið lýtur að rannsóknum á ýmsum þarategundum í tönkum með borholusjó. Markmiðið er að með því að finna bestu ræktunaraðferðina fyrir þessar þarategundir væri hægt að bjóða upp á raunhæfan valkost við það að sækja þara í náttúruna til framleiðslu á þörungaaafurðum til iðnaðarnota kr. 1,5 millj.

Nr. 26. Bíslag. Umsækjandi: Minja- og sögufélag Grindavíkur. Verkefnastjóri: Örn Sigurðsson. Flokkur: Stofn- og rekstur.

Verkefnið lýtur að uppbyggingu á Verbúðinni Bakka í Grindavík og er hluti að stærra verkefni sem kallast „gamli bærinn sem verndarsvæði í byggð. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 millj.

Nr. 27. Hlaðan Skjaldbreið, Kálfatjörn. Umsækjandi: Minjafélag Vstnsleysustrandarprepps. Verkefnastjóri: Helga Ragnarsdóttir. Flokkur: Stofn- og rekstur.

Helsta markmiðið með verkefninu er að vernda fornt byggingarlag og viðhalda hlöðunni Skjaldbreið og sögunni sem liggur að baki byggingu hennar og notkun. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 millj.

Nr. 28. Pökkunarlína fyrir Algalíf ehf. Umsækjandi og verkefnastjóri: Tryggvi Sturla Stefánsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefnið gengur út á að hanna og byggja pökkunarlínu fyrir fullunnar heilsuvörur. Pökkunarlínan verður GMP vottuð sem þýðir að mikil áhersla er lögð á smitvarnir og almennt gæðaeftirlit. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 millj.

Nr. 29. Hvert fara kjóarnir? Umsækjandi: Þekkingarsetur Suðurnesja. Verkefnastjóri: Sölvi Rúnar Vignisson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Kjóinn er einn af einkennisfulgum Suðurnesja og einn af okkar áhugaverðustu farfuglum. Rannsóknin fellst m.a. í því að rannsaka hvar mikilvægustu vetrarstöðvar kjóans eru, sem er mjög kostnaðarsamt og erfitt að rannsaka. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 millj.

Nr. 30. Vöruþróun og markaðssetning á nýrri vöru. Umsækjandi: GeoSilica Iceland ehf. Verkefnastjóri: Hildur rún Sigurðardóttir Kvaran. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefnið lýtur að rannsókn og þróunarvinnu á nýrri vöru sem mun koma á markað snemma á árinu 2019. Ný væntanlega vara mun flokkast sem heilsuvara sem bætir einbeitingu og orkujafnvægi. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 millj.

Nr. 31. Útivistarstígur um sjávar tengdar minjar. Umsækjandi: Grindavíkurbær. Verkefnastjóri: Eggert Sólberg Jónsson. Flokkur: Menning.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Verkefnið snýr að því að tengja saman strandminjar og áhugaverða staði sem tengjast sjávarútvegi í Grindavík. Skilgreindir verða áhugaverðir staðir á útivistarstígnum sem allir tengjast á einn eða annan hátt útgerðarsögu í Grindavík. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 3 millj.

Nr. 32. Safnahelgi á Suðurnesjum. Umsækjandi: Reykjanesbær / sveitarfélögin á Suðurnesjum. Verkefnastjóri: Valgerður Guðmundsdóttir. Flokkur: Menning.

Verkefnið snýr að sameiginlegri kynningu allra safna, sýninga og setra á Suðurnesjum sem liður í menningartengdri ferðapjónustu utan hins hefðbundna ferðamannatíma. Markmiðið er að vekja athygli landsmanna sem og heimamanna á metnaðarfullu safna- og menningarstarfi á Suðurnesjum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 3 millj.

Nr. 33. Fiðlarinn á þakinu. Umsækjand og verkefnastjóri: Jóhann Smári Sævarsson. Flokkur: Menning.

Óperufélagið Norðuróp og Tónlistarskóli Reykjanesbæjar eiga 20 ára afmæli á árinu. Í tilefni þeirra tímamóta verður einn vinsælasti og elskaðasti söngleikur allra tíma settur upp Fiðlarinn á þakinu. Allt listafólk á sýningunni verður af Suðurnesjum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 3 millj.

Nr. 34. Veröld vættanna. Umsækjandi: Reykjanes jarðvangur ses. Verkefnastjóri: Daníel Einarsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Markmiðið er að koma upplýsingum og fróðleik á framfæri við yngstu kynslóðina. Vættirnir koma til með að auðvelda öll samskipti við börn og auka þannig staðarvitund þeirra og þekkingu á umhverfismálum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 3 millj.

Nr. 35. Örplast í sjávarlífverum. Umsækjandi og verkefnastjóri: Halldór Pálmar Halldórsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Markmiðið með verkefninu er tvíþætt. Annars vegar að meta umfang og upptöku örplasts í lifríki sjávar á Suðurnesjum og hins vegar að viðhalda sérstöðu og auka samkeppnishæfni svæðisins í rannsóknum á plastmengun. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 3 millj.

Nr. 36. Fjölþætt heilsurækt í sveitarfélögum. Umsækjandi og verkefnastjóri: Janu Friðrik Guðlaugsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun

Megin markmið verkefnisins er að efla heilsu og velferð eldri aldurshópa í sveitarfélögum, með þátttöku þeirra í fjölþættri og markvissri heilsurækt, ráðgjöf um næringu og aðra heilsufarsþætti þannig að hinir eldri geti lengur tekist á við athafnir daglegs lífs og dvalið lengur í sjálfstæðri búsetu. Markmið er jafnframt að draga úr útgjöldum ríkis og sveitarfélaga tengdum sérhæfðri þjónustu fyrir hina eldri. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 5 millj.

